

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136/1334*  
*komudagur 19.3.2009*

Reykjavík 19. mars 2009

**Viðskiptanefnd Alþingis**  
**V/ Frumvarps til laga um ábyrgðarmenn**

Ágæta viðskiptanefnd,

Lánasjóður íslenskra námsmanna lét í febrúarmánuði lögræðistofuna Juris vinna fyrir sig minnisblað vegna frumvarps til laga um ábyrgðarmenn og hugsanleg áhrif þess á starfsemi sjóðsins yrði frumvarpið að lögum.

Minnisblaðið er meðfylgjandi en rétt er að benda sérstaklega á helstu niðurstöður Juris:

- 1) 4. gr. frumvarpsins kveður á um að lánveitanda beri skylda til að meta hæfi lántaka til að standa í skilum með það lán er ábyrgðar er krafist fyrir. Þetta er ekki raunhæft fyrir LÍN þar sem oftast er um unga námsmenn að ræða sem ekki eru komnir í framtíðarstarf og eiga ekki eignir.
- 2) Vegna aukinnar vinnu myndi frumvarpið kalla á 5-10% aukningu í stöðugildum hjá LÍN. Þá sérstaklega varðandi upplýsingaöflun um lánþega og upplýsingagjöf til ábyrgðarmanns.
- 3) 8. gr. frumvarpsins mun hafa mikil áhrif á sjóðinn þar sem ekki yrði hægt að gera fjárnám í fasteign sem ábyrgðarmaður og/eða fjölskylda hans býr í. Juris telur að með þessari grein séu í raun brostnar forsendur fyrir sjóðinn til þess að hafa ábyrgðarmenn á lánnum.

Í ljósi fyrsta atriðisins hér að ofan er spurning hvort frumvarp til laga um ábyrgðarmenn eigi að ná til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Hægt er að færa rök fyrir því að vegna sérstakrar stöðu sjóðsins í íslensku samfélagi – og er þá sérstaklega horft til þess hlutverks hans að tryggja jöfn tækifæri til náms án tillits til efnahags – falli hann ekki undir sama hatt og viðskiptabankar, sparisjóðir og greiðslukortafyrirtæki svo dæmi séu tekin.

Ef frumvarp þetta verður að lögum og taki einnig til Lánasjóðs íslenskra námsmanna þá er ljóst að sjóðnum verður ill kleift að uppfylla ákvæði laganna. Því vaknar sú spurning hvort sjóðnum verði stætt á að krefjast ábyrgðarmanna þegar hann mun ekki geta uppfyllt kröfur um upplýsingagjöf til þeirra, til dæmis hvað varðar greiðsluhæfi lántakanda og lengd lánstímans.

Rétt er að taka fram að ekki liggur fyrir úttekt eða mat á mikilvægi ábyrgðarmannakerfisins fyrir LÍN en vinna við slíkt mat er hafin. Að svo stöddu er því erfitt að leggja mat á hugsanleg fjárhagsleg áhrif þess ef Lánasjóður íslenskra námsmanna yrði í framtíðinni að falla frá kröfunni um ábyrgðarmenn. Hins vegar kann þetta frumvarp, verði það að lögum, að leiða til þess að breyta þurfi lögum um LÍN og fella brott ákvæði um ábyrgðarmenn.

Með vinsemd og virðingu,

---

Haraldur Guðni Eirsson  
Stjórnarformaður Lánasjóðs íslenskra námsmanna

## Minnisblað

**Til: Lánasjóðs íslenskra námsmanna**

**Frá: JURIS/Sigurbjörn Magnússon hrl./Guðrún M. Eysteinsdóttir hdl.**

**Dags: 24. febrúar 2009**

**Varðar: Frumvarp til laga um ábyrgðarmenn**

- 
1. Minnisblað þetta er tekið saman í tilefni af frumvarpi sem lagt hefur verið fram á yfirstandandi löggjafarþingi, þskj. 135, 125. mál varðandi ábyrgðarmenn, en skv. 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að lögin gildi um stofnanir og fyrirtæki sem stunda útlánastarfsemi, þ.m.t. Lánasjóð íslenskra námsmanna.
  2. Af hálfu LÍN hefur verið óskað álits á því að hvaða leyti frumvarp þetta, yrði það óbreytt að lögum, myndi hafa áhrif á starfsemi sjóðsins og þau útlán sem sjóðurinn veitir. Til þess að varpa ljósi á það hvort og þá hvernig einstök ákvæði frumvarpsins kunni að hafa áhrif gagnvart LÍN verður hér á eftir fjallað um hvern kafla frumvarpsins fyrir sig og einstök ákvæði innan hvers kafla eftir því sem við á.
  3. I. kafli: Kaflinn fjallar um markmið og gildissvið laganna sem og framsal ábyrgðar og/eða láns sem ábyrgð stendur fyrir. 1. og 2. gr. frumvarpsins eru almenn ákvæði, sem hafa ekki bein áhrif á starfsemi sjóðsins sem slík. Ljóst er að frumvarpið varðar öll útlán sjóðsins þar sem fengin er sjálfskuldarábyrgð eða veðtrygging hjá þriðja manni, þ.e. hvort sem um er að ræða sjálfskuldarábyrgð á eiginlegum námslánum, skólagjaldalánum, almennum skuldabréfum vegna vanskila (sem almennt eru útbúin í löginheimtu) sem og veðtryggignarbréfum þar sem um er að ræða veð frá þriðja manni, þ.e. ekki lántakanda sjálfum. 3. gr. varðar framsal ábyrgðar og fæst ekki séð

að það ákvæði muni geta haft sérstök áhrif á starfsemi sjóðsins eða í framkvæmd, enda framselur sjóðurinn almennt ekki útlán sín.

## II. kafli: Kaflinn fjallar um stofnun, efni og form ábyrgðarsamninga.

### 4. gr. frumvarpsins hljóðar svo:

*Lánveitanda ber skylda til að meta hæfi lántaka til að standa í skilum með það lán er ábyrgðar er krafist fyrir. Greiðslumat skal byggt á viðurkenndum viðmiðunum.*

*Lánveitandi skal með skriflegum hætti ráða ábyrgðarmanni frá því að gangast í ábyrgð ef greiðslumat bendir til þess að lántaki geti ekki efnt skuldbindingar sínar.*

*Með sama hætti skal lánveitandi ráða ábyrgðarmanni frá því að undirgangast ábyrgð ef aðstæður ábyrgðarmanns gefa tilefni til.*

1. og 2. mgr. 4. gr. varðandi greiðslumat lántaka myndi geta haft töluverð áhrif á starfsemi sjóðsins. Þessi ákvæði eru alls ekki raunhæf fyrir LÍN í mörgum tilvikum þar sem um er að ræða unga námsmenn sem ekki eru komnir í framtíðarstarf og eiga ekki eignir. En ef þetta yrði raunin þá myndi það augljóslega kalla á aukna vinnu fyrir sjóðinn vegna lánveitinga þar sem slíkt greiðslumat kallar á upplýsingaöflun og mat á gögnum. Ekki er þó ljóst af frumvarpinu hvaða kröfur yrðu gerðar í þessum efnunum, þ.e. hvort nóg væri t.d. í tilviki sjóðsins að fletta viðkomandi upp á vanskilaskrá eða hvort afla þyrfti frekari upplýsinga. Ljóst er að slíkt gæti orðið tímafrekt og flókið ferli fyrir sjóðinn og sem myndi í mörgum tilvikum ekki skila tilætluðum árangri sbr. það sem nefnt er hér að framan. Varðandi 3. mgr. þá er óljóst hvað átt er við, þ.e. að lánveitandi skuli ráða ábyrgðarmanni frá því að gangast í ábyrgð ef aðstæður ábyrgðarmanns gefa tilefni til. Ekki er ljóst hvaða upplýsinga lánveitanda ber að afla varðandi aðstæður ábyrgðarmanns, en ef af yrði myndi þetta að sama skapi auka til muna vinnu við lánveitingar hjá sjóðnum. Athuga skal í þessu sambandi að dómur Hæstaréttar í máli nr. 3/2003 sem vísað er til í athugasemdum frumvarpsins leggur töluverðar skyldur á fjármálastofnanir í þessum efnunum.

### 5. gr. frumvarpsins hljóðar svo:

*Fyrir gerð ábyrgðarsamnings skal lánveitandi upplýsa ábyrgðarmann skriflega um þá áhættu sem ábyrgð er samfara. Í því felst meðal annars að veita upplýsingar um:*

- a. almennar reglur sem um ábyrgðir gilda,*
- b. greiðslugetu lántaka,*
- c. lán það sem ábyrgð er ætlað að tryggja og í hvaða tilgangi það er tekið,*
- d. gildistíma ábyrgðar,*
- e. höfuðstól ábyrgðar, hlutfall eða hámarksfjárhæð sem henni er ætlað að tryggja,*
- f. hvort ábyrgð standi til tryggingar vanskilakostnaði og hvernig hann er reiknaður út,*
- g. tryggingar sem lántaki hefur útvegað hjá öðrum en ábyrgðarmanni og virði þeirra,*
- h. önnur lán lántaka hjá viðkomandi lánveitanda og stöðu þeirra,*
- i. hvort ábyrgðarmaður geti orðið sér úti um ábyrgðartryggingu í stað*

ábyrgðar,

j. leiðir sem ábyrgðarmanni standa til boða til að fá leyst úr ágreiningi vegna ábyrgðar,

k. önnur þau atriði sem eðlilegt er að ábyrgðarmaður sé upplýstur um.

Ábyrgðarmaður á rétt á að fá afhent eintak af ábyrgðarsamningi og lánssamningi sem ábyrgðin stendur til tryggingar á áður en hann gengst undir ábyrgð.

6. gr. frumvarpsins hljóðar svo:

Ábyrgðarsamningur skal vera skriflegur. Í honum skal getið þeirra upplýsinga sem nefndar eru í 5. gr. og skoðast þær sem hluti samningsins.

Lánveitandi getur ekki einhliða breytt skilmálum ábyrgðarsamnings, þ.m.t. lánssamnings, ábyrgðarmanni í óhag. Ákvæði þetta gildir þó ekki um breytingar á vöxtum eða eðlilegum kostnaðarliðum sem lánveitandi hefur rétt til að breyta samkvæmt lánssamningi sem ábyrgð stendur í tengslum við.

Ákvæði 5. gr. frumvarpsins varðar upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir við undirritun skuldabréfs og í raun í skuldabréfinu sjálfu sbr. 6. gr. Væntanlega væri hægt að útbúa staðlað bréf sem ábyrgðarmönnum væri afhent og einnig að setja þessar upplýsingar inn í stöðluð skuldabréf, sbr. 1. mgr. 6. gr. Ákvæðið ætti því ekki að leiða til aukinnar vinnu fyrir sjóðinn til frambúðar ef hægt væri að framkvæma þetta með þeim hætti sem lýst er hér að framan. Ákvæðin eiga bæði við um sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingar og veðtryggingar af hálfu þriðja manns og þyrfti því að gæta að þessu í báðum tilvikum.

Ekki verður séð að 2. mgr. 6. gr. muni hafa áhrif til breytinga fyrir sjóðinn.

### III. kafli: Kaflinn fjallar um réttarsambandið milli lánveitanda og ábyrgðarmanns.

7. gr. frumvarpsins hljóðar svo:

Lánveitandi skal senda ábyrgðarmanni tilkynningu skriflega svo fljótt sem kostur er:

- a. um vanefndir lántaka,
- b. ef veð eða aðrar tryggingar eru ekki lengur tiltækar,
- c. um lát lántaka eða að bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta,
- d. um önnur atvik sem breyta forsendum ábyrgðar ábyrgðarmanni í óhag,
- e. eftir hver áramót með upplýsingum um stöðu láns sem ábyrgð stendur fyrir.

Ábyrgðarmaður verður ekki krafinn um greiðslur á dráttarvöxtum eða öðrum vanskilakostnaði lántaka sem fellur til eftir gjalddaga nema liðnar séu tvær vikur frá því að ábyrgðarmanni var sannanlega gefinn kostur á að greiða gjaldfallna afborgun.

Lánveitandi getur ekki þannig að gildi hafi gagnvart ábyrgðarmanni gjaldfellt lán í heild sinni nema ábyrgðarmanni hafi áður verið gefinn kostur á að greiða gjaldfallnar afborganir lánsins.

1. mgr. 7. gr. frumvarpsins varðar tilkynningar til ábyrgðarmanns. Liðir a. og e. ákvæðisins varða eitthvað sem væntanlega er þegar til staðar hjá LÍN. Liðir b., c. og d. geta hins vegar kallað á aukin bréfaskrif til ábyrgðarmanna og þannig haft í för með sér áhrif á starfsemi sjóðsins. Þó er ekki líklegt að mikið kunni að reyna á b. og d. lið í framkvæmd en þó gætu þessi atriði varðað lögginnheimtu lánanna. Varðandi c. lið þá kallar hann á að um þessi atriði, þ.e. lát lántaka eða gjaldþrotaskipti á bú hans, sé tilkynnt sérstaklega og má því etv. gera ráð fyrir auka tilkynningum hvað þetta varðar, þótt nú þegar sé

ábyrgðarmönnum ávallt tilkynnt af hálfu sjóðsins um andlát lántaka og að við það falli eftirstöðvar skuldar niður en að gjaldfallin skuld verði innheimt hjá ábyrgðarmönnum fáist hún ekki greidd úr dánarbúinu. Á síðara atriðið, þ.e. varðandi gjaldþrotaskipti á búi lántakanda mun aðallega reyna við löginnheimtu krafanna.

2. mgr. 7. gr. á ekki að hafa áhrif til breytinga fyrir sjóðinn enda varðar það atriði sem þegar er til staðar hjá LÍN þ.e. ábyrgðarmanni er sent bréf vegna vanskila lántakanda og þannig gefinn kostur á að greiða umræddan gjalddaga. Þó kann að vera að yfirfara þurfi texta slíkra bréfa og aðlaga hann með einhverjum hætti. 3. mgr. ákvæðisins varðar í raun löginnheimtu kröfunnar og ætti engu að breyta varðandi framkvæmd sjóðsins þar sem ábyrgðarmönnum eru ávallt send innheimtubréf með skuldinni ógjaldfallinni áður en lánið er allt gjaldfellt og innheimt sem slíkt.

#### 8. gr. frumvarpsins hljóðar svo:

*Ekki verður gerð aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans ef krafa á rót sína að rekja til persónulegrar ábyrgðar.*

*Lánveitandi getur ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðar manns ef krafa hans á rót sína að rekja til persónulegrar ábyrgðar nema hann geri sennilegt að um sviksamlegt undanskot eigna ábyrgðarmanns hafi verið að ræða.*

Af öllum ákvæðum frumvarpsins er ljóst að 1. mgr. 8. gr. myndi hafa hvað mestar breytingar í för með sér varðandi útlán sjóðsins. Ef þetta ákvæði yrði að veruleika væru í raun brostnar allar forsendur fyrir sjóðinn til þess að hafa ábyrgðarmenn á lánum frá sjóðnum því með ákvæðinu er útilokað fyrir lánastofnanir að gera fjárnám í fasteign sem ábyrgðarmaður og/eða fjölskylda hans býr í, en í þeim eignum eru jafnan fólgin mestu verðmætin. Þetta á þó ekki við þegar þriðji maður veitir veðtryggingu í eign sinni og hefur ekki áhrif í slíkum tilvikum. 2. mgr. 8. gr. ætti ekki að hafa áhrif fyrir sjóðinn þar sem sjóðurinn hefur ekki farið þá leið að krefjast gjaldþrotaskipta hjá ábyrgðarmönnum á lánum sjóðsins.

#### IV. kafli: Kafli um takmarkani á ábyrgð.

#### 9. gr. frumvarpsins hljóðar svo:

*Hafi lánveitandi keypt tryggingu vegna hugsanlegs greiðslufalls lántaka og greiðsluskylda fellur til samkvæmt skilmálum tryggingar takmarkar sú greiðsla ábyrgð ábyrgðarmanns sem nemur þeirri fjárhæð sem greidd er inn á lánið.*

*Ef lánveitandi vanrækir að lýsa kröfu í gjaldþrota- eða dánarbú lántaka lækkar krafa á hendur ábyrgðarmanni sem nemur þeirri fjárhæð sem ella hefði fengist greidd úr þrota- eða dánarbúi lántaka.*

*Nauðasamningur eða önnur eftirgjöf sem kveður á um lækkun kröfu á hendur lántaka hefur sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni.*

Ákvæði 1. og 2. mgr. munu í raun ekki hafa sérstök áhrif á starfsemi sjóðsins en myndu eftir atvikum hafa áhrif í framkvæmd. 3. mgr. veldur því að sjóðurinn verður bundinn af nauðasamningum einnig gagnvart

ábyrgðarmönnum, sem er breyting frá því sem áður var og er í gildi skv. lögum um gjaldþrotaskipti ofl. Ákvæðið myndi því geta haft áhrif í framkvæmd en ekki á starfsemi sjóðsins sem slíka.

V. kafli: Kaflinn fjallar um brotfall ábyrgðar eða annarra tryggingarráðstafana  
10. gr. frumvarpsins hljóðar svo:

*Ábyrgðarmaður verður ekki skuldbundinn af ábyrgðarsamningi hafi lántaki aldrei orðið skuldbundinn til að inna greiðslu af hendi samkvæmt samningi við lánveitanda.*

*Ef lánveitandi samþykkir að veð eða aðrar tryggingarráðstafanir sem gerðar voru til að tryggja efndir samnings skuli ekki lengur standa til tryggingar, og breytingin hefur í för með sér að staða ábyrgðarmanns er þá mun verri en hún var, er ábyrgðarmaður ekki lengur bundinn af samningi sínum.*

*Ef lánveitandi veitir lántaka greiðslufrest er ábyrgðarmaður ekki bundinn af samningi sínum hvað varðar ábyrgð á efndum þeirrar greiðslu nema lánveitandi geti sýnt fram á að gjaldfresturinn hafi ekki haft áhrif á greiðslugetu lántaka.*

1. mgr. ákvæðisins ætti ekki að hafa áhrif á starfsemi sjóðsins sem slík og liggur í raun í hlutarins eðli. 2. mgr. ákvæðisins ætti ekki heldur að hafa áhrif í raun gagnvart sjóðnum þar sem það hefur verið almenn regla hjá sjóðnum að aldrei er fallið frá tryggingum nema önnur betri eða jafn góð trygging sé sett í staðinn. 3. mgr. ákvæðisins þýðir að skoða þarf hvert mál vel áður en nokkur greiðslufrestur er veittur í því. Þetta snýr þó kannski einkum að löginheimtu krafanna og ætti því ekki að hafa sérstök áhrif á starfsemi sjóðsins.

VI. og VII. kafli: Kaflarnir fjalla annars vegar um reglugerðarheimild ráðherra og hins vegar gildistöku laganna. Um er að ræða almenn ákvæði sem hafa ekki bein áhrif á starfsemi sjóðsins sem slík.

4. Af framangreindu má ráða að umrætt frumvarp, yrði það að lögum, myndi hafa hafa í för með sér verulegar breytingar á starfsemi sjóðsins einkum vegna 8. gr. frumvarpsins. Verði það ákvæði að veruleika yrði í framhaldinu í rauninni gagnslaust fyrir sjóðinn að fá ábyrgðarmenn til tryggingar lánnum þeim sem sjóðurinn veitir. Þessi breyting hefði einnig viðtæk áhrif á allt fjármálalíf hér á landi.

Ef þessi breyting yrði að lögum væri eina raunhæfa leiðin að fá veðtryggingar fyrir öllum lánnum sem veitt eru af hálfu sjóðsins, hvort sem er frá lántaka sjálfum eða þriðja manni. Athygli vekur að í frumvarpinu er ekki gerður neinn greinarmunur á almennum lánastofnunum og þeim stofnunum sem stunda útlán sem eru hluti af félagslegu kerfi hins opinbera líkt og Lánasjóður íslenskra námsmanna. Margt er þó ólíkt með útlánastarfsemi sjóðsins og hinna almennu lánastofnana. Þannig er sjóðurinn t.d. ekki í sömu aðstöðu til að framkvæma greiðslumat á lántakanda og ábyrgðarmanni og almennar lánastofnanir þar sem sjóðurinn hefur hvorki á að skipa sérþekkingu til þess né beinan aðgang að þeim gögnum sem þurfa að liggja fyrir við slíkt mat. Ef af yrði þyrfti sjóðurinn því væntanlega að leggja út í

fjármagn til að verða sér úti um slíka sérþekkingu ofl. Þá er einnig rétt að undirstrika að lokum að innheimta sjóðsins gagnvart ábyrgðarmönnum er og hefur verið með allt öðrum og vægari hætti en tíðkast hjá öðrum lánastofnunum.

Minnisblað þetta er sett fram með venjulegum fyrirvara og byggir á þeim upplýsingum og gögnum sem fyrir lágu við samningu þess.